



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga

## Ályktanir

### 67. Fjórðungssþing Vestfirðinga að hausti



Haldið á Patreksfirði 8. til 10. september 2022

## Innihald

<b>Ályktun um gerð svæðisskipulags .....</b>	<b>4</b>
<b>Ályktun um gerð þjóðgarðs á Vestfjörðum.....</b>	<b>4</b>
<b>Ályktun um þararæktun .....</b>	<b>4</b>
<b>Ályktun um stofnun starfshóps um skiptingu tekna úr Fiskeldissjóði.....</b>	<b>5</b>
<b>Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi.....</b>	<b>5</b>
<b>Ályktun um aukið samstarf í velferðarþjónustu.....</b>	<b>6</b>
<b>Ályktun um svæðisáætlun um sorp.....</b>	<b>7</b>
<b>Ályktun um sauðfjárrækt og byggðapróun .....</b>	<b>8</b>
Greinargerð með ályktun um sauðfjárrækt og byggðapróun:.....	9
<b>Ályktun um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks.....</b>	<b>10</b>
<b>Ályktun Aflstöðin Vestfirðir .....</b>	<b>12</b>
Greinargerð Aflstöðin Vestfirðir.....	13
Tillögur. ....	15
Staða sveitarfélaga.....	18
Tillaga um fjármál og sjálfbærni sveitarfélaga .....	20
Íbúapróun og áhrif íbúaspár. ....	22
Byggðamál.....	25
Tillögur um samgöngumál.....	26
Jarðgangaáætlun Vestfjarða. ....	26
Vetrarþjónusta .....	27
Viðhald vega.....	29
Hafnarmál .....	29
Gagnaflutningar og fjarskipti .....	29
Flug.....	30
Almenningssamgöngur .....	30
Ferðarþjónusta .....	30
Menning.....	31
Orkumál.....	31
Um fjármálaáætlun, byggðamál og málefni sveitarfélaga.....	33
Niðurlag.....	34
Viðauki, Aflstöðin Vestfirðir .....	34



## Ályktun um gerð svæðisskipulags

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta.

Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðaðróun á Vestfjörðum til framtíðar.

## Ályktun um gerð þjóðgarðs á Vestfjörðum

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að taka upp að nýju vinnu við stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum.

Mikil tækifæri eru fólgin í stofnun þjóðgarðs. Markmið með þjóðgarði er að vernda og varðveita til framtíðar einstakt svæði sem inniheldur m.a. friðlandið í Vatnsfirði og tvö náttúruvætti, Dynjanda og Surtarbrandsgil.

Í drögum að friðlýsingarskilmálum sem lágu til umsagnar árið 2021 er sérstaklega tekið tillit til núverandi nýtingar innan svæðisins sem og nauðsynlegrar innviðaupbyggingar m.a. veglagningu um Dynjandisheiði. 67. Fjórðungsþing leggur áherslu á að ekki verði settar íþyngjandi takmarkanir við framtíðarorkuöflun innan marka þjóðgarðsins, viðhald og endurnýjun flutningslína raforku og orkumannvirkja verði ekki takmörkuð sem og uppbygging samgöngu- og fjarskiptamannvirkja, m.a. á Dynjandisheiði.

## Ályktun um þararæktun

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 skorar á matvælaráðuneytið að hraða sem mest vinnu við lagaumgjörð varðandi ræktun þara og þörunga til að hægt verði að hefja markvissa starfsemi í þessari atvinnugrein.

Uppbygging greinarinnar líður fyrir að ekki sé til lagarammi utan um starfsemina, málið tilheyrir engri stofnun og því ekki hægt að gefa út starfsleyfi. Þara- og þörungarækt er öflug leið til að minnka umhverfisáhrif og er talin mjög góð mótvægisáðgerð í grennd við fiskeldi. Jafnframt er mikil þróun á heimsvísu í nýtingu þörunga sem bætiefnis, íblöndunarefnis og orkugjafa. Hér þarf að bregðast fljótt við svo fullkomin samlegð náist í þörungarækt og öðrum nytjum í fjörðum Vestfjarða.

## Ályktun um stofnun starfshóps um skiptingu tekna úr Fiskeldissjóði

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti 8.-10. september 2022 leggur til að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að ná sátt um skiptingu fjármuna sem nú renna til Fiskeldissjóðs milli fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum.

Fyrir liggur samfélagssáttmáli um fiskeldi og sú sameiginlega sýn sveitarfélaga að fjármunir sem nú renna í fiskeldissjóð renni í A-hluta sveitarfélaga. Ekki liggur fyrir hvernig þeirri skiptingu yrði háttað ef af yrði. Mikilvægt er að fiskeldissveitarfélög á Vestfjörðum leggi fram sameiginlega sýn þar um. Niðurstaða starfshópsins verði samþykkt af Fjórðungsþingi eða á aukapingi samkvæmt samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambandsins. Öll fiskeldissveitarfélög skulu fá einn fulltrúa, en auk þeirra starfi starfsmaður frá Vestfjarðastofu með nefndinni.

## Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 skorar á háskóla, iðnaðar og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir að háskólar landsins bjóði upp á fjölbreytt fjarnám.

Framboð af fjarnámi á háskólastigi er breytilegt milli háskóla og hægt er að gera mun betur í þeim efnum. Einn af lærdómum Covid tímabilsins er sá að hægt er að kenna all flestar kennslugreinar í fjarnámi, með því að bjóða upp á sveigjanlegt nám með staðarlotum.

Stærsti háskóli landsins, Háskóli Íslands er eftirbátur annarra háskóla á landinu þegar kemur að fjarnámi og gera þarf meiri kröfur til skólans hvað þetta varðar.

Þá er jafnframt skorað á ríkisstjórnina að tryggja jöfnuð og uppræta aðstöðumun nemenda. Það er staðreynd að fjarnemar beri meiri kostnað af sínu námi en þeir nemendur sem búa nær sínum skóla, þar sem þeir greiða oft á tíðum fyrir lesaðstöðu og próftöku, sem aftur ýtir undir ójöfnuð. Auk þess sem staðarlotur eru tímafrekar og kostnaðarsamar.

## Ályktun um aukið samstarf í velferðarþjónustu

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10 september 2022 felur stjórn að skipa starfshóp um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum. Starfshópurinn skal skila niðurstöðum 1. desember 2022.

Greinargerð: Starfshópurinn skal hafa til hliðsjónar ályktun Ísafjarðarbæjar um aukið samstarfs í velferðarþjónustu og vinnu félagsmálastjóra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Mikilvægt er að kallað verði til fagfólk til að starfa með starfshópnum.

Tillaga að ályktun frá Ísafjarðarbæ

Barnaverndarþjónusta

Miklar breytingar eru framundan í velferðarþjónustu sveitarfélaga með gildistöku laga um farsæld barna, sem fela m.a. í sér að umdæmi barnaverndarþjónustu skuli vera að lágmarki 6000 manns. Sveitarfélög á Vestfjörðum þurfa endurskilgreina þjónustu og hvernig þau innleiða lög in sína starfsemi og taka afstöðu til þess hvernig skuli haga samstarfi í þessum mikilvæga málaflokki.

Samræmd móttaka flóttafólks

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa verið að taka á móti flóttafólki. Sveitarfélög þjónusta flóttafólk á ýmsan máta við komu. Þessi þjónusta er margskonar og má þar nefna upplýsingagjöf, grunnfjárhagsaðstoð, aðstoð við húsnæðisleit, styrkir til íslenskunáms, ferðastyrkir vegna fjölskyldusameiningar og styrkir til sérfræðiaðstoðar svo eitthvað sé nefnt. Ísafjarðarbær vill kanna hug annarra sveitarfélaga um hvort vilji sé til að samræma móttöku flóttafólks.

Málefni fatlaðs fólks

Rekstur málefna fatlaðs fólks á Vestfjörðum er í járnnum og ljóst er að sveitarfélög verða að bregðast við gríðarlegum hallarekstri sem fyrirséður er á árinu 2022. Sækja þarf á ríkið að fá aukið fjármagn í málaflokkinn til að standa undir þjónustunni, en sveitarfélögin þurfa líka að líta í eigin barm og fara yfir fyrirkomulag þjónustu og starfsemi.

Ísafjarðarbær leggur til við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum að velferðarmálin verði skoðuð á breiðum grunni með aukið samstarf að leiðarljósi. Samræma þarf betur þjónustu við fólk og nýta betur þann mannauð sem við höfum yfir að ráða.

Ísafjarðarbæ hefur lýst yfir vilja sínum að vera leiðandi sveitarfélag í þessum málaflokki og er bærinn tilbúinn að vinna að útfærslum í samstarfi við önnur sveitarfélög sem hafa áhuga á auknu samstarfi á þessum nótum.

## Ályktun um svæðisáætlun um sorp

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið 8.-10. september á Patreksfirði leggur til við Vestfjarðarstofu að vinna svæðisáætlun um sorp fyrir alla Vestfirði. Svæðisáætlun verði samræmd stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum, unnin í takt við Earthcheck umhverfisvottunina og gildandi reglur.

Svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs hafa þann tilgang að skapa umgjörð utan um samtal og stærri ákvarðanir sveitarfélaga á viðkomandi svæðum um úrgangsforvarnir og um söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs. Með sameiginlegri sorpáætlun setja sveitarfélög sér metnaðarfull markmið um endurvinnslu, endurnýtingu og minni urðun. Aðgerðir til að ná markmiðum verða skýrari og fræðsla til íbúa verður samstillt milli sveitarfélaga. Heildarstefna fyrir svæðið veitir aðhald og er upplýsandi. Hún er lýsandi fyrir stöðuna eins og hún er í dag og skilgreinir markmið með tímaáætlun og ábyrgðarskiptingu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn. Samkvæmt breytingu á þessari sömu lagagrein (25. júní 2021, lög 103/2021), sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2023, skal Umhverfisstofnun hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gefi út svæðisáætlanir og sendi umhverfisráðuneytinu ábendingu ef „sveitarstjórn gefur ekki út svæðisáætlun eða svæðisáætlun er ekki í samræmi við lög og reglur.“

Í svæðisáætlun þarf að koma fram greining á stöðunni eins og hún er í dag, markmið og aðgerðir til að ná markmiðum, úrgangsforvarnir, endurvinnsla og endurnýting. Helstu áskoranir sveitarfélaganna eru innleiðing á nýjum reglum og að breyta viðhorfi fólks til úrgangsmála. Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Umfangsmiklar lagabreytingar voru samþykktar á alþingi í júní 2021 um flokkun og endurvinnslu, hollustuhætti, mengunarvarnir, úrvinnslugjald og fleira. Þessar breytingar koma flestar til framkvæmda 1. janúar 2023 og er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs.

## Ályktun um sauðfjárrækt og byggðapróun

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8.-10. September 2022 ályktar um sauðfjárrækt og stöðu byggða í sauðfjárræktarhéruðum.

Sauðfjárrækt hefur um aldaðir verið grundvöllur að búsetu í dreifðum byggðum á Ströndum, Reykhólahreppi, á Barðaströnd og í Ísafjarðardjúpi..

Í maí s.l. kom út skýrsla um stöðu sauðfjárræktar á Íslandi, unnin af Byggðastofnun fyrir innviðaráðuneytið. Í henni er dregin upp afar dökk mynd af stöðu og framtíðarhorfum sauðfjárræktar á Íslandi.

Í skýrslunni segir: “Rekstrarniðurstaða sauðfjárbúa fyrir fjármagnsliði og afskriftir hefur verið neikvæð frá árinu 2018. Það þýðir að meðalbúið stendur ekki undir neinni fjárfestingu, hvað þá heldur vaxtakostnaði eða afborgunum af lánum. Þetta leiðir af sér að væntanlega hafi dregið úr viðhaldi, endurræktun og áburðarkaupum.” Andlegt álag á bændur er auk þess áhyggjuefni og í skýrslunni er fjallað um afkemuótta og lamandi áhrif hans á andlega heilsu sauðfjárbænda.

Í skýrslu Byggðastofnunar kemur jafnframt fram að hlutfallslegt mikilvægi greinarinnar er mest í Dalabyggð, Reykhólahreppi, Húnaþingi vestra og á Ströndum.

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga telur mikilvægt að stofnaður verði stýrihópur með aðkomu sveitarfélaganna, landshlutasamtaka, ríkis og hagaðila til að hlúa sérstaklega að þessum svæðum. Verkefni hópsins væri að móta sértækar aðgerðir til að auka fjölbreytni í atvinnulífi svæðisins til að mæta því höggi sem sauðfjárræktin hefur orðið fyrir síðustu misseri. Með því móti er hægt að bregðast við yfirvofandi flóttu úr stétt sauðfjárbænda með tilheyrandi fólksfækkun og afleiddum áhrifum hennar á svæðinu.

Verði ekkert að gert er viðbúið að hrún verði í greininni með tilheyrandi byggðaröskun. Það væri þungt högg fyrir atvinnulíf á Ströndum, Reykhólahreppi og Barðaströnd, þar sem sauðfjárrækt er undirstaða atvinnulífs í dreifbýli sveitarfélaganna. Landbúnaður er byggðafestugrein á svæðinu og því ljóst að landshlutinn í heild sinni á mikið undir.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld og hagaðila að taka höndum saman án tafar og vinna að viðsnúningi þessarar þróunar með fjölpættum aðgerðum.



## Greinargerð með ályktun um sauðfjárrækt og byggðapróun:

Búsetu og menningarsögulegar ástæður. Hverfi búsetan þá mun saga landsins glatast og örnefni tynast.

Félagslegar ástæður. Í dreifðri byggð er erfitt að halda uppi menningar-, félags og íþróttastarfi. Þetta á sérstaklega við um ungmenni. Því þarf að skoða stuðning við dreifðari byggðir í gegnum Jöfnunarsjóð eða Byggðastofnun varðandi frístundaakstur, akstur leikskólabarna og almenningssamgöngur.

Fátækt og sálarástand. Hvort sem litið er til skýrslu Byggðastofnunar eða hvað ríkisskattstjóri ákveður að bændur megi að lágmarki reikna sér í laun þá eru sauðfjárbændur, sem ekki stunda aðra vinnu eða hlunnindanýtingu, fjárhagslega glötuð stétt.

Fæðuöryggi. Þann 24. febrúar síðastliðinn vöknudum við í breyttum heimi. Orðið fæðuöryggi fékk skýrari merkingu. Það er afar mikilvægt að verja og efla þessa atvinnugrein, bæta afkomu þeirra sem hana stunda ekki síst á þeim svæðum þar sem náttúrulegar aðstæður henta vel.

Fjárhagsástæður. Það kostar ómælt fjármagn að byggja upp nýja þjónustu á fjölmennustu stöðunum (skólar, leikskólar, heilsugæslustöð og fl.) fyrir fólk sem ekki lengur treystir sér til að búa í á landsbyggðinni þar sem sú þjónusta er nú þegar til staðar.

Hugmyndir að aðgerðum:

- Að ráðnir verði verkefnastjórar fyrir svæðið í heild til að efla nýsköpun á jörðum og styðja við bændur í umsóknnum í hina ýmsu sjóði.
- Niðurgreiðsla á flutningskostnað í mun meira mæli.
- Stuðningur við þá ungmenni sem þurfa að sækja nám fjarri heimilum sínum verði í samræmi við raunverulegan kostnað.
- Af veitum (raflagnir, ljósleiðarar og þess háttar) verði greidd landleiga eða kostnaður verði jafnaður í meira mæli en nú er.
- Í dreifðri byggð skiptir samgönguöryggi og ekki síst vetrarþjónusta mjög miklu máli.
- Setja aukinn kraft og fjármagn í jarðhitaleit og nýtingu jarðvarma fyrir fólk og fyrirtæki. Það eru mjög mörg ónýtt tækifæri með nýrri tækni.
- Stjórnvöld veiti sértækan stuðning vegna orkuskipta hjá sauðfjárbændum.
- Þeim sem velja sér búsetu í „sauðfjársveitum“ en stundi ekki búskap, njóti sömu stöðu og þeir byggju annars staðar.
- Nýliðunarframlög vegna aðilaskipta á bújörðum verði hækkuð og aldurshámark nýliðunarstyrkja verði endurskoðað.

## Ályktun um fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8. og 10. september 2022 tekur undir ályktun aðalfundar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) frá 5. júlí s.l. og stjórnarfundar BsVest frá 1. september s.l. þar sem lýst er þungum áhyggjum af sívaxandi halla í rekstri málaflokks fatlaðs fólks.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks er samstarfsverkefni sveitarfélagana á Vestfjörðum og heldur utan um þá þjónustu sem veita á samkvæmt lögum 38/2018 lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Endurskoðaðar rekstarforsendur BsVest fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir halla á málaflokknum upp á kr. 195.000.000,- og mikilvægt er að bregðast nú þegar við þeim halla með auknu fjármagni frá ríkisvaldinu.

### *Bókun frá aðalfundi BsVest*

*Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks tekur undir ályktun aðalfundar BsVest og lýsir yfir miklum áhyggjum af sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Aðalfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldinn á Ísafirði 5. júlí 2022 lýsir yfir þungum áhyggjum á boðaðri skerðingu á framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum.*

*Samkvæmt fyrstu áætlun jöfnunarsjóðs gefin út 29. september 2021, kemur fram að framlög til svæðisins séu kr. 545.571.000,- en samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins munu framlög til svæðisins vera kr. 465.374.000,- en það er skerðing um kr. 80.000.000,- á milli áætlana og ljóst að slíkt tekjufall leggst þungt á rekstur á vegum byggðasamlagsins og fyrirsjáanlegt að slík skerðing hafi áhrif á þjónustu við fatlað fólk.*

*Sveitarfélög á Vestfjörðum eru illa í stakk búin til að greiða þann halla og þessi niðurstaða mun hafa neikvæð áhrif á aðra þjónustu til íbúa og skerða þannig samkeppnishæfni samfélaganna. Er ljóst að þessi breyting kemur til án tíma til aðlögunar. Fundurinn kallar eftir auknu upplýsingaflæði og samráði við Jöfnunarsjóð hvað framlög sjóðsins varðar. Hér er um að ræða skýra birtingarmynd á vanfjármögnun ríkisins til málaflokksins og skorar stjórnin á stjórnvöld að auka framlög til þjónustu við fatlað fólk.*

*Um nokkurra ára skeið hefur rekstur málaflokksins ekki staðið undir sér og lögbundið framlag til sveitarfélaganna og fjárframlög Jöfnunarsjóðs ekki staðið undir þeirri þjónustu sem þarf að veita.*

*Kostnaðarþróun á þjónustu við fatlað fólk árið 2018 -2020 sem kom út í nýlegr greiningu starfshóps ráðherra um heildarendurskoðun laga nr 38/2018 sýnir að rekstrarniðurstaða landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hefur þá þrefaldast á síðustu þrem árum eða frá árinu 2018. Einnig er ljóst að hallinn fyrir árið 2021 er talsvert meiri. Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fagnar því að skipað hafi verið í starfshóp félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og skorar á ráðherra að hraða vinnu hópsins þannig að hann skili af sér niðurstöðum fyrir Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. september nk.*

## Ályktun Aflstöðin Vestfirðir

67. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti haldið á Patreksfirði 8. – 10. september 2022 ályktar um mikilvægi þess að styrkja **samkeppnisstöðu Vestfjarða** með því að bæta samgöngur, fjarskipti og orkumál á svæðinu.

Á fundi sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum og ríkisstjórnar Íslands þann 1. september sl. var lögð áhersla á að meginviðfangsefni svæðisins snúa öll að því að styrkja samkeppnisstöðu Vestfjarða til búsetu, sem áfangastað ferðamanna og til fjárfestinga og atvinnustarfsemi.

Ítrekað er að kröfur Vestfirðinga um innviðaúrbætur eru eingöngu til að samkeppnisstaða svæðisins jafnist á við önnur svæði á landsbyggðunum. Bent er á að markmið Byggðaáætlunar 2022-2036 eru að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Þar er jafnframt tekið fram, í takt við ákvæði laga um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, að sérstök áhersla skuli lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun og einhæft atvinnulíf.

**Afhendingaröryggi raforku** á Vestfjörðum er hið lakasta á landinu vegna ófullnægjandi flutningkerfis og lítillar raforkuframleiðslu á svæðinu. Ótrygg raforka stendur allri uppbyggingu atvinnulífs fyrir þrífum. Áhersla er lögð á að tryggja eftirfylgni skýrslu starfshóps umhverfis-, orku- og auðlindaráðherra sem kom út í apríl sl., í kjölfar málþings um orkumál á Vestfjörðum þann 6. apríl sl. Í skýrslunni er sett fram kostnaðarmat og tímasett áætlun um framkvæmd verkefna allt til ársins 2030 sem tryggja eiga samkeppnishæft afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Til þess að samkeppnisstaða svæðisins styrkist þarf fjárhagsleg staða sveitarfélaganna að vera þannig að þau geti sinnt innviðaupbyggingu eftir niðursveiflu síðustu 30 ára og að stutt sé með öflugum hætti við þá sókn svæðisins sem er í sjónmáli. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að nærsamfélagið **njóti uppbyggingar í fiskeldi** og að hagsmuna þess sé gætt við stefnumótun í greininni. Til þess leggja fiskeldissveitarfélög áherslu á að fiskeldisgjald verði beinn tekjustofn sveitarfélaga til að tryggja hraðari uppbyggingu innviða fiskeldissveitarfélaga.

**67. Fjórðungsping Vestfirðinga bendir enn og aftur á að samgöngur, fjarskipti og orkumál** eru efst í forgangsröðun svæðisins. Samhliða þarf að ræða aukna fjölbreytni atvinnulífs, nýsköpunar, menntunar og menningar sem þarf til svo að svæðið nái vopnum sínum og verði sú aflstöð þekkingar sem það hefur alla burði til, landi og þjóð til heilla.

## Greinargerð Aflstöðin Vestfirðir

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna á Vestfjörðum 2018 unnu sveitarstjórnir, atvinnulíf og stofnanir greiningu sviðsmynda til að efla skilning á líklegri þróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum til ársins 2035. Heiti verkefnisins er Krossgötur – Vestfirðir 2035 og er að finna í viðauka þessarar umsagnar.

Sviðmyndavinnan er unnin á þeim tímamótum að eftir allt að 30 ára samdrátt efnahags og samfélaga á Vestfjörðum þá hefur íbúum farið að fjölga á ný samhliða fjölgun starfa í fiskeldi og ferðaþjónustu. Staðan er þó brothætt og mikilvægt að skilja hvaða drifkraftar eru taldir líklegastir til að leiða þróunina á Vestfjörðum, niðurstaðan var að annarsvegar sé þetta *þekkingarstig* og hinsvegar *viðhorf og athafnir stjórnvalda*.

Þekkingarstig mælist af því hver sé þörf atvinnulífs og samfélags til að sinna rekstri hverju sinni en ekki síður til framþróunar og nýsköpunar. Viðhorf og athafnir stjórnvalda mælast af áherslum stjórnvalda m.a. í búsetuþróun, stöðu og þróun innviða, menntun, velferð og ramma atvinnulífs hverju sinni. Með athöfnum er ekki eingöngu átt við að draga úr eða auka við stuðning heldur ekki síður athafnaleysi, jafnvel stefnuleysi.

Fjórar sviðsmyndir eru teiknaðar upp fyrir árið 2035

- *Vestfirski þjóðgarðurinn*. Forsendur eru lágt þekkingarstig en virkar athafnir stjórnvalda. Einkenni sviðsmyndar er metið sem brothætt samfélag með einhæft atvinnulíf.
- *Aftur til fortíðar*. Forsendur eru lágt þekkingarstig og athafnaleysi stjórnvalda. Einkenni sviðsmyndar er fortíðarþrá og doði. En jafnframt fylgir spurning hvort samfélagið nái að spyrna við fótum í atvinnumálum og skapa ný tækifæri.
- *Vestfirðir í sókn*. Forsendur eru hátt þekkingarstig og athafnir stjórnvalda byggja á forsendum heimamanna. Einkenni sviðsmyndar er alþjóðlegt þekkingar- og fjölmenningsamfélag.
- *Vestfirsk seigla*. Forsendur eru hátt þekkingarstig og athafnaleysi stjórnvalda. Einkenni sviðsmyndar er kröftugt einstaklingsframtak og metnaðarfull fyrirtæki. En jafnframt fylgir spurning hvort einstaklingsframtakið hafi úthald til áframhaldandi uppbyggingar samfélagsins

Nú árið 2022 má segja að finna megi hliðstæður í sviðmyndunum *Vestfirðir í sókn* og *Vestfirsk seigla*. Íbúum hefur fjölgað þó þeir nái ekki hlutfallslega fjölgun á landsvísu og fjöldi starfa er í boði. Staða innviða bæði nýframkvæmdir sem og viðhald, er allt frá því að vera mjög erfið og ekki fyrirsjáanlegar úrbætur, yfir í að sjá fram á verulegan bata auk áfanga sem settir hafa verið á áætlun. Fjárhagsstaða sveitarfélaga er á sama tíma erfið og að óbreyttu mun það skerða getu þeirra til að fylgja eftir framþróun atvinnulífs og innviða.

Fjórðungsþing fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að nú við upphaf nýs kjörtímabils sveitarstjórna séu Vestfirðir staddir á skýrum krossgötum. Aðgerðir sem markaðar verða á næstu árum séu úrslitaatriði um þróun til ársins 2035. Nú sem aldrei fyrr þurfa stjórnvöld að vinna með sveitarfélögunum að framþróun landshlutans.

Færa má margþætt rök fyrir því að því að fjárfesting í þekkingu, menntun og innviðum á Vestfjörðum muni á þessum áratug skapa mörg ný atvinnutækifæri fyrir þjóðarbúið svo sem í fiskeldi, ferðaþjónustu og afleiddum störfum. Ný störf munu því dragi úr samdrætti til skemmri og lengri tíma litið og skapa auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Má eins leiða líkum að því að þjóðarbúið hafi þegar orðið fyrir skaða, að hafa ekki sterkt atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum, sökum óljósra viðhorfa og athafnaleysis stjórnvalda í gegnum árin.

Atvinnulíf þarf við slíka uppbygging að fá skýr viðhorf og athafnir að hálfu stjórnvalda, því þrátt fyrir núverandi stöðu innviða og þjónustu hins opinbera er víðtæk uppbygging í gangi. Ekki má taka það langlundargeð gefið til lengri tíma litið og láta reyna á úthald atvinnulífsins. Á sama hátt þurfa íbúar og nýir íbúar að fá sömu skilaboð. Ef ekki þá, munu þættir úr sviðsmyndinni *Aftur til fortíðar* koma fram, andstætt öllum markmiðum í áætlunum stjórnvalda.

Hér í greinargerð með ályktun Fjórðungsþings, verður fjallað um svartsýnar íbúaspár fyrir Vestfirði sem eru í mótsögn við þau tækifæri sem blasa nú við. Eðli íbúaspár er að horfa til fortíðar en þær geti raungerst ef ekki er tekið á málum. Hafa ber þá í huga að þá er verið að horfa til þróunar síðustu áratuga, en samsetning atvinnulífs var þá önnur auk þess sem samgöngur voru með öðrum hætti.

Augljós breytingu má sjá í skýrslu KPMG sem unnin var 2020 fyrir Vestfjarðastofu, þar sem kemur fram að árið 2019 höfðu 150 manns beina atvinnu af fiskeldi. Ef áform um framleiðslu á hámarkslífmassa, 64.500 tonn verða að veruleika, má gera ráð fyrir að fjöldi beinna starfa við fiskeldi á Vestfjörðum geti orðið í kringum 640 störf og að um 1.850 manns gætu byggt afkomu sína á fiskeldi beint eða óbeint. Miðað við eldismagn þá má áætla að árinu 2022 hafi um rúmur helmingur þessara starfa verið orðinn til og á næstu fjórum árum mun þessi starfafjöldi raungerast. Ekki hafa verið gerðar álíka greiningar á áhrifum af vexti ferðaþjónustu og í nýsköpun s.s. starfsemi Kerecis á Ísafirði, en þar eru um tugi ef ekki hundruð starfa á næstu árum að ræða.

Fjórðungsþing lýsir hér hinsvegar miklum áhyggjum af áhrifum og útfærslum á markmiðum þingsályktunar um fjármálaáætlun 2023-2027. Það er, markmið um stöðvun á hækkun skulda af vergri landsframleiðslu eigi síðar en 2026 og markmið um tölusett skilyrði laga um fjármál hins opinbera taki aftur gildi 2026. Að lokum að hve litlu leyti er tekið tillit til viðhaldsskuldar ríkissjóðs gagnvart innviðum og eignum ríkissjóðs.

Áhyggjur Fjórðungsþings eru að þessi markmiðssetning fjármálaáætlunar verði mikil hindrun í framgangi áætlana atvinnulífs og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fjármálaáætlun gangi því gegn markmiðum stjórnvalda í áætlunum er varða eflingu samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Nægir hér að benda á markmið laga um Byggðaáætlun, sóknaráætlanir landshluta og markmið þingsályktunar um Byggðaáætlun, þar sem lagt er upp með að stuðla eigi að jákvæðri byggðaðróun um land allt og sérstaklega skuli huga að landssvæðum sem hafa búið við langvarandi samdrátt og einhæfni atvinnulífs.

Fjórðungsþing ítrekar það mat að staðan sé brothætt, en með samstilltu átaki ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs, þá eru þau ár sem falla að áætlunartímabili fjármálaáætlunar 2023-2027 líklega það tímabil sem litið verður til baka á sem grundvöll að nýju langtíma hagvaxtarskeiði Vestfjarða og landsins alls. En til þess af því geti orðið þá er ekki tíminn núna til að draga úr framlögum ríkissjóðs. Hér er grundvallarmál að drifkraftar svæðisins, þekking og viðhorf og athafnir stjórnvalda, falli með landshlutanum en ekki gegn honum.

Tillögur.

Fjórðungsþing skorar á stjórnvöld að setja í forgang útfærslu tillagna um auknar tekjur sveitarfélaga á Vestfjörðum, auka framlög til þjónustu og framlög til innviða. Í greinargerð með umsögn verður farið yfir efni hluta þessara tillagna og gagna sem þær styðjast við en aðrar skýra sig sjálfar.

A. Hröðun uppbyggingar innviða fiskeldissveitarfélaga.

- a. Hlutdeild fiskeldissveitarfélaga (sveitarfélög sem eiga land að sjó þar sem eldi á frjóum laxi er heimiluð) á framlögum Fiskeldissjóðs verði hækkuð og nemi að lágmarki 80% af tekjum sjóðsins frá og með árinu 2022.
- b. Beint verði til ríkisstjórnar að lögum um gjaldtöku í fiskeldi verði breytt á þann hátt að Fiskeldissjóður verði lagður niður og framlög sjóðsins renni til reksturs A hluta fiskeldissveitarfélaga.
- c. Ákvæði hafnarlaga verði endurskoðuð til að heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku verði ótvíræðar og í samræmi við eðli þjónustu við atvinnugreinar líkt og fiskeldis.

B. Húsnæðis og skipulagsmál.

Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á framlög Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til byggingar íbúðaverkefna á Vestfjörðum.

C. Efling heilsárssamgangna innan atvinnusvæða á Vestfjörðum og milli atvinnusvæða og markmiða um að auka jafnrétti kynja í aðgengi að atvinnu og þjónustu.

- a. Aukið fjármagn sett í viðhald stofnvega til að lagfæra strax slitlags- og burðarlagsskemmdir og árlegt framlag nægi til að viðhalda stöðugleika vegakerfisins þar til jarðgöng leysa stofnvegi af hólmi þar sem það á við.
- b. Aukið fjármagn sett til vetrarþjónustu innan atvinnusvæða með sólarhringsopnun alla daga ársins.

- c. Aukið fjármagn verði sett til vetrarþjónustu milli atvinnusvæða á Vestfjörðum og við aðra landshluta. Stefnt sé á að tryggð sé opnun alla daga ársins frá kl. 06.00 til miðnættis.
  - d. Aukið fjármagn verði sett til endurbóta á tengivegum á Vestfjörðum með það að markmiði að tengja helstu ferðamannastaði á Vestfjörðum með heilsársvegi. Vegur að Látrabjargi, Rauðasandi, Dynjandisvogi, Bolafjalli, Kaldalóni o.fl.
  - e. Jarðgöng á Vestfjörðum verði sett á samgönguáætlun 2022. Sett verði fjármagn til að hefja rannsóknir og annan undirbúning gerðar jarðganga samkvæmt Jarðgangaáætlun Vestfjarða. Álftafjarðargöng, göng undir Mikladal, göng undir Hálfán og rannsóknir er varða breikkun Breiðadalsleggs. Hafnar verði framkvæmdir við jarðgöng á áætlunartímabili fjármálaáætlunar 2022-2027.
  - f. Gripið verði strax til aðgerða til að tryggja öryggi ferjusiglinga yfir Breiðafjörð, með lagfæringu á hafnaraðstöðu þannig skipta megi núverandi ferju út. Sömuleiðis verði strax veitt fjármagn til hönnunar á nýrri ferju og undirbúnings útboðs þannig að hefja megi smíði ferjunnar og ljúka henni á sem skemmstum tíma.
  - g. Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á nýframkvæmdir og undirbúning þeirra á stofn- og tengivegum á Vestfjörðum samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034, hér er um að ræða framkvæmdir á Vestfjarðavegi 60, Gufudalssveit og Dynjandisheiði, Veiðileysuhálsi, Bíldudalsvegi og Innstrandavegi.
- D. Orkumál. Fylgt verði eftir aðgerðaráætlun 2022-2031 í tillögum starfshóps umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra um orkumál á Vestfjörðum.
- a. 100 mkr til jarðhitaleitar í Skutulsfirði og Patreksfirði á árinu 2022
  - b. 1.400 mkr til eflingar dreifikerfis Orkubús Vestfjarða á árabílinu 2022-2030
  - c. Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á framkvæmdir Landsnets í uppbyggingu meginflutningskerfis og svæðisbundna flutningskerfisins á Vestfjörðum. Áætlaðar framkvæmdir fyrir 12 til 14 milljarða á árabílinu 2023-2028.
  - d. Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á virkjanaframkvæmdir á Vestfjörðum hvort sem um er að ræða einkaaðila eða fyrirtæki í opinberri eigu.



#### E. Byggðamál

- a. Sóknaráætlanir landshluta.

Fjármagn til sóknaráætlana landshluta verði aukið á áætlunartíma fjármálaáætlunar.

- b. Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.

Fjármagn til sammings verði aukið í samræmi við verðlags- og launaþróun frá árinu 2017.

- c. Flutningsjöfnunarsjóður.

Fjármagn til flutningsjöfnunarsjóðs verði aukið í samræmi við verðlagsþróun.

#### F. Loftlagsmál. Varnir gegn náttúruvá

- a. Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á framkvæmdir við ofanflóðavarnir við Patreksfjörð, Bíldudal, Flateyri, Suðureyri og Hnífsdal. Framlag til ofanflóðavarna verði fremur aukið og markmið sett um fjölgun verkefna fyrir árið 2027
- b. Efla vöktun á ofanflóðum og sjávarflóðum til að styrkja gagnaöflun og ákvarðanir teknar um verkefni til framtíðar litið.

#### G. Heilbrigðismál, efling sérfræðipjónustu og heilsugæslu.

- a. Þjónusta sérfræðinga verði efla á starfstöðvum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Vestfjörðum.
- b. Heilsugæsla verði efla á starfstöðvum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Vestfjörðum
- c. Fjarheilbrigðisþjónusta verði efla á starfstöðvum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Vestfjörðum

#### H. Menntamál.

- a. Öflugt framhaldsnám, símenntun og menntun á háskólastigi í boði á svæðinu
- b. Efling verknáms og bætt aðstaða til námsins
- c. Námsver og aðstaða fyrir störf án staðsetningar í byggðakjörnum

#### I. Umhverfismál.

- a. Aukið verði við fjármagn til fráveitumála sveitarfélaga til þess að verkefnaáætlun til ársins 2030 geti staðist.

## J. Örorka og málefni fatlaðs fólks

Hraða verði vinnu starfshóps félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna á grundvelli skýrslna starfshópa ráðherra um endurskoðun laga um málaflokkinn og greiningu á kostnaðarþróun.

## K. Málefni innflytjenda

Framlög til málefni innflytjenda verði aukin til að efla fyrstu móttöku og til að efla þátttöku innflytjenda í atvinnulífi og samfélögum á Vestfjörðum.

Greinargerð með tillögum.

Fjórðungsþing leggur áherslu á að meginviðfangsefni stjórnvalda varðandi hagsmuni samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum eigi að beinast að því styrkja samkeppnishæfni innviða og samkeppnishæfni sveitarfélaganna.

## Staða sveitarfélaga

### Lýsing

Þróun fjármála sveitarfélaga á Vestfjörðum er alvarleg, tekin er hér saman þróun A hluta reksturs sveitarfélaga frá 2019 til 2022, byggt er á ársreikningum 2019 og 2020, fyrri umræðu um ársreikning 2021 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

Rekstrarreikningur (í þús.kr.)	2019	2020	2021	2022
Tekjur				
Skatttekjur án Jöfnunarsjóðs	4.727	4.839	5.308	5.601
Framlag úr Jöfnunarsjóði	2.349	2.258	2.331	2.384
Þjónustugjöld og aðrar tekjur	1.688	1.849	2.004	1.855
Tekjur samtals	8.764	8.945	9.644	9.840
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	4.873	5.297	5.508	5.883
Breyting lífeyrisskuldbindinga	188	202	583	176
Annar rekstrarkostnaður	3.315	3.488	3.398	3.555
Afskriftir	291	309	312	306
Gjöld samtals	8.668	9.295	9.802	9.920
Fjármagnsliðir	-251	-297	-446	-333
Óreglulegir liðir	0	-83	11	-53
Rekstrarniðurstaða	-155	-730	-621	-466

Tekjur stefna að aukast um 1.100 mkr, þar af hækka skatttekjur sveitarfélaganna um 900 mkr, framlög Jöfnunarsjóðs standa í stað og aðrar tekjur hækka um 200 mkr. Gjöld hækka á sama tíma um 1.250 mkr, þar af laun og launatengd gjöld um 1.000 mkr, en önnur gjöld um 250 mkr. Rekstrarniðurstaða A hluta er því neikvæð allt tímabilið og er samanlagður rekstrarhalli nemur um **tæpum 2 milljörðum** á þessum fjórum árum.

Efnahagsreikningur (í þús.kr.)				
	2019	2020	2021	2022
<b>Eignir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.783	11.159	9.537	10.161
Áhættufjármunir og langtímakröfur	2.226	2.474	2.258	2.166
Fastafjármunir	11.009	13.632	11.793	12.327
Veltufjármunir	2.799	3.073	2.780	2.399
Eignir samtals	13.809	14.427	14.572	14.726
<b>Skuldir og eigið fé</b>				
Eigið fé	3.860	3.407	2.696	2.657
Skuldbindingar	2.003	2.066	2.489	2.370
Langtímaskuldir	5.299	6.013	6.264	6.329
Skammtímaskuldir	2.645	2.941	3.116	3.370
Skuldir og eigið fé samtals	13.809	14.427	14.572	14.726
<b>Skuldahlutfall</b>	<b>1,14</b>	<b>1,23</b>	<b>1,23</b>	<b>1,23</b>

Skuldahlutfall nam 1,14 á árinu 2019 en hækkar og hefur haldist í 1,23. Skuldir hafa hækkað um tæpa 2 milljarða sem er að öllum líkindum lántaka til að mæta rekstrarhalla sömu ára.

Veltufé frá rekstri hefur sveiflast á síðustu fjórum árum, það nam 480 mkr árin 2019 og 2021 en vegna áhrifa Covid19 faraldurs nam það rétt 18 mkr 2020, en samkvæmt fjárhagsáætlunum 2022 á það að nema um 200 mkr. Hlutfall veltufjármagns stefnir í að vera á árinu 2022 um 2% en hefur numið um 5% ef ekki er horft til áhrifa Covid19 faraldurs.

Ekki tókst að afla samanburðargagna nema fyrir árið 2020 en samkvæmt upplýsingum Sambands íslenskra sveitarfélaga þá er fjárhagsstaða og rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum á árinu 2020 svipaður, í samanburði við önnur sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðis. Staða stærstu sveitarfélaganna á Vestfjörðum er þó talsvert verri ef skoðað er skuldahlutfall (allt að 50% herra) og skuldir á íbúa (allt að 50% hærri). Hlutfall veltufjár er neikvætt og sker það sig úr frá meginþorra sveitarfélaga. Tekjur stærri sveitarfélaga á íbúa eru hinsvegar í takti við önnur sveitarfélög.

Reitt er síðan að skoða fyrir sama tímabil hver sé fjárhagsstaða fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum (sveitarfélög sem eiga land að sjó þar sem heimilt er að ala frjóa laxfiska í sjókvíum). Breytingar eiga nú þegar stað og munu verða meiri á næstu árum hvað varðar fjárhagsstöðu. Í rekstri og efnahag af öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum þá er umfang þessara sveitarfélaga 90%. Skuldahlutfall þeirra er um 1,3 að meðaltali en hefur versnað. Veltufé frá rekstri nam um 500 mkr 2019, það var neikvætt um 50 mkr 2020, 430 mkr 2021 og stefnir í að nema 140 mkr 2022. Veltufjárhlutfall er um 5% og stefnir í að var einungis 2% á árinu 2022.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema frá tæpum 20% í um 50% af tekjum fámennustu sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Samanlagt fyrir öll sveitarfélög nema framlögin rúmum 2,3 milljörðum og hafa staðið því sem næst í stað á tilgreindu tímabili en hlutfallslega lækkað úr 26% í 24%. Mikilvægi þessara framlaga fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum er óumdeild og stuðlar að jafnræði í þjónustu við íbúa þessa lands án tillits til búsetu. Hjá fiskeldissveitarfélögum er hlutfall framlaga Jöfnunarsjóðs lítillaga lægri en hjá öllum sveitarfélögum.

Samsetning útgjalda sveitarfélaga á Vestfjörðum sína að þau hafa undanfarin ár sýnt ráðdeild í rekstri, með aðhaldsaðgerðum og reynt að vinna að lækkun skulda. En þessi rekstrarhagræðing hefur í raun þurrkast jöfnum höndum upp sem og auknar tekjur, samanlagt ná þessir rekstrarþættir rétt til að mæta auknum launakostnaði í þeim stöðugildum sem standa eftir rekstrarhagræðingu.

Hið lága veltufjármagn frá rekstri sýnir þessa stöðu í hnotskurn og gerir sveitarfélögunum sífellt erfiðara fyrir að reka lögbundna þjónustu. Alvarlegast er þó hve þessi staða bitnar á viðhaldi innviða og stofnana og á ólögbundinni starfsemi s.s. leikskólum, íþrótta/-tómstundastarfi, menningarstarfi og fjárfestingarstefnu svo eitthvað sé nefnt. En það eru þessir þættir skapa hvert samfélag og geta sveitarfélaga í þessum málaflokkum hefur bein áhrif á samkeppnisstöðu þeirra í að laða að nýja íbúa og halda í þá sem eru búsettir þar í dag. Sama á við getu til að stuðla að nýsköpun, atvinnuþróun og starfsumhverfi fyrirtækja.

Að lokum skal komið inn á skuldbindingar sveitarfélaga á Vestfjörðum í málaflokki fatlaðs fólks en sveitarfélögin öll standa á bak við byggðasamlag um rekstur málaflokksins. Ekki náðist að greina hver sú skuldbinding er, en fullyrða má að þar sé erfið fjárhagsstaða eins og kemur fram í nýjum skýrslur starfshópa um endurskoðun laga um málaflokkinn og greiningu á kostnaðarþróun.

Tillaga um fjármál og sjálfbærni sveitarfélaga

Í greinargerð fjármálaáætlunar 2023-2027 segir um fjármál og sjálfbærni sveitarfélaga.

Helsta áskorun málaflokksins felst í því að stuðla að öflugum sveitarfélögum með getu til að veita íbúum sínum jöfn réttindi, aðgengi að þjónustu og sambærilegum búsetuskilyrðum og í öðrum sveitarfélögum. Grundvöllurinn að því takmarki er að stuðla að efnahagslegri, samfélagslegri og umhverfislegri sjálfbærni sveitarfélaganna. Húsnæðisáætlun stjórnvalda gegnir lykilhlutverki í að tryggja aðgengi að öruggu húsnæði og stöðugleika á húsnæðismarkaði.

Samhliða því er brynt að nýta stafrænar leiðir til að bæta samskipti við íbúa í samræmi við velsældaráherslur stjórnvalda, bæði í því skyni að auðvelda aðgengi að þjónustu og ýta undir aukna þátttöku íbúa í stefnumótun í gegnum íbúalýðræði. Bls 230

Lykilþáttur í stefnumótun stjórnvalda á sveitarstjórnarstiginu og eflingu sveitarfélaga felst í því að stuðla að efnahagslegri, samfélagslegri og umhverfislegri sjálfbærni sveitarfélaga. Nokkrar skilgreiningar liggja fyrir á hugtakinu efnahagsleg sjálfbærni. Flestar þeirra fela í sér fjárhagslega getu sveitarfélags til að standa undir grundvallarþjónustu, innviðaupbyggingu, fjárhagslegum áföllum og áskorunum til framtíðar. Bls 231

Í umfjöllun hér að framan má ljóst vera að sveitarfélög á Vestfjörðum eru í þröngri stöðu hvað varðar rekstur og skuldir og skuldbindingar. Þetta er bagalegt staða á þeim krossgötum sem samfélögin og atvinnulíf á Vestfjörðum standa nú frammi fyrir en mikilvægt að í fjármálaáætlun er lögð áhersla á eflingu sveitarfélaga og þau hafi getu til að sinna málaflökkum og veitt íbúum samkeppnishæfa þjónustu.

Þar liggur þyngst sú uppbygging sem fiskeldissveitarfélögin þurfa nú að fara í til vegna samfélagslegra innviða til að mæta hraðri uppbyggingu sjókvíaldsins s.s. með húsnæðismál og velferðarmál. Hættan er sú að síður takist að laða að fjölskyldur ef þessir þættir eru ekki samkeppnishæfir við önnur sveitarfélög og samfélögin þróist í átt að aukinni einsleitni íbúa og skammtímabúsetu og lögheimili þá utan sveitarfélags. Tekjumyndun af útsvari og fasteignagjöldum eru verða hér einnig lægri en ella.

Íbúaspár sem hér hafa verið kynntar varpa ljósi á hugsanlega þróun og í greiningu KPMG fyrir Vestfjarðastofu 2020, má sjá vísbendingar um slíka þróun þegar margfeldisáhrif starfa í fiskeldi eru talin 1,8 í stað 2,4.

Markmið stjórnvalda er að stuðla að jákvæðri byggðþróun um land allt og sérstaklega skal beint athygli að landsvæðum sem hafa búið við langvarandi neikvæða byggðaðróun. Einnig hefur verið mörkuð stefna í málefnum sveitarfélaga þar sem lögð er áhersla á eflingu sveitarfélaga og þau verði sjálfbær í rekstri.

Á grundvelli ályktunar 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, ályktaði í október s.l. telur Fjórðungsþing að vilji sveitarfélaga sé skýr

Endurskoða þarf tekjur sveitarfélaga vegna eldiskvía og umsvifa í sjókvíaldi á þeirra heimasvæði. Krafan er ekki að auka álögur á atvinnugreinina heldur að eðlilegur hluti tekna renni til uppbyggingar og viðhalds innviða sveitarfélaganna og skili sér beint til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir beinum áhrifum af sjókvíaldi.

Tillaga er hér sett fram að markmiðum stjórnvalda í byggða og sveitarfélagamálum verði tryggð með innspýtingu nýrra tekna til sveitarfélaga á Vestfjörðum. Með tekjum sem koma með gjaldtöku af nýtingu auðlinda svæðisins. Kostir eru að hér eru bein tengsl á milli útgjalda og aukna nýtingu auðlinda, skapar það einnig meiri sátt við fyrirtæki sem greiða slíkt gjald.

Hluti framangreindra tekna koma í dag frá Fiskeldissjóði (lög 89/2019) en ráðstöfunarfé sjóðsins úr ríkissjóði nemur 1/3 af fiskeldisgjaldi og er áætlað tæpar 200 mkr á árinu 2022 hlutur ríkissjóðs er þá um 400 mkr. Úthlutanir sjóðsins byggja á umsóknum fiskeldissveitarfélaga (á Austfjörðum og Vestfjörðum) til sjóðsins og geta sveitarfélögin því ekki sett fram langtímaáætlanir sem byggðu á úthlutunum sjóðsins. Vekja má athygli á því að sjóðurinn er að úthluta sömu fjárhæð sem nemur öllu veltufé frá rekstri samkvæmt fjárhagsáætlun fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum fyrir árið 2022.

Fiskeldisfyrirtæki fá í dag afslátt af fiskeldisgjaldi en sá afsláttur ferð stíglækkandi fram til ársins 2027 og miðað við forsendur frumvarps um fiskeldisgjald, þá geti það numið um 1,4 milljörðum það ár. Auk þess greiðist umhverfisgjald og öll þjónustu og leyfisgjöld til ríkissjóðs eða stofnana ríkisins auk síðan tekjuskatts af launþegum og fyrirtækjum. Samkvæmt greiningu KPMG 2020 gæti skattspor ríkisins af fiskeldi á Vestfjörðum numið um 1,1 milljarði um 2026 (51 þús tonn) ekki þar reiknað með tekjuskatti fyrirtækja.

Ríkissjóður ber litla áhættu af uppbyggingu fiskeldis og lítið hefur verið um sértæk úrræði að hálfu ríkissjóðs sem annars eru þekkt s.s. við uppbyggingu stóriðju. Fiskeldissveitarfélög bera hinsvegar meginhluta af fjármögnun og áhættu af uppbyggingu innviða og að mati sveitarfélaga ættu þau eðlilega að eiga stærri hlut af gjaldtöku stjórnvalda. Tekjumyndun fiskeldissveitarfélaga önnur en fiskeldisgjald er háð óvissu og kemur mun hægar inn því samtímis þarf að auka útgjöld til að veita þjónustu vegna fjölgun íbúa.

Fjórðungsþing beinir því til stjórnvalda úthlutun fiskeldisgjalds að verði með þeim hætti að 80% fiskeldisgjalds renni til Fiskeldissjóðs til úthlutunar til fiskeldissveitarfélaga. Eins verði breytt lögum 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó með að markmiði að starfsemi fiskeldissjóðs verði lögð niður og hlutfall fiskeldisgjalds verði úthlutað til A hluta reksturs fiskeldissveitarfélaga.

Fjórðungsþing leggur einnig til ákvæðum hafnarlaga verði breytt þannig að gjaldtaka fyrir þjónustu við fiskeldisstarfsemi séu í takt við eðli atvinnugreinarinnar.


Íbúapróun og áhrif íbúaspár.

Spár um þróun íbúafjölda á Vestfjörðum eftir lýðfræðilegum breytum eru óhagstæðar. Í tillögu að þingsályktun að Byggingaáætlun gerir ráð fyrir að miðað við árið 2021, þá muni íbúum á Vestfjörðum á gildistíma fjármálaáætlunar fjölga innan við 2 % eða um 100 manns, en fram til ársins 2036 muni þeim fækka um rúm 17% eða um 1.400 manns.


Spágildi slíkrar spár hafa það eitt í sér að segja þróun framtíðar muni vera eins og þróun fortíðar og við slíka spár ber þá að skýra forsendur s.s. hvort breytt samsetning atvinnulífs, samgöngur, opnun EES atvinnumarkaðar og áhrif þessa á kynja og aldurssamsetningu.

Það er ábyrgðarhluti að setja fram íbúaspár og vanda við val á forsendum. Fjórdungsþing telur sig verða var við að innan stjórnsýslu ríkisins þá sé þessi framtíðarspá að hafa áhrif á ákvarðanatöku og stefnumótun. Minna má hér á einkenni sviðsmyndar Krossgatna *Aftur til fortíðar* þar sem drifkraftar einkennast af lágu þekkingarstigi og athafnaleysi stjórnvalda.

Hér er yfirlit um þróun íbúa á Vestfjörðum eftir atvinnusvæðum á Vestfjörðum frá því árið 2000. Hafa ber í huga að árið 2000 er í lok um tveggja áratuga tímabils með mikilli fækkun íbúa frá 20 til 50 % eftir sveitarfélögum. Vestfjarðastofa hefur hefur fyrir sitt leyti unnið íbúaspá sem tekur að lágmarki á framreikning á áhrifum starfa í fiskeldi með tilliti til aldursamsetningar og þróunar starfa í fiskeldissamfélögum í nágrennalöndum og gerir ráð fyrir að kynjahlutfall haldist eða verði jafnara. Hér gildi sviðsmyndir *Vestfirðir í sókn* og *Vestfirska seiglan*.



*Íbúapróun í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.*




### Íbúapróun í Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi

Góð samsetning aldurs og kynja er síðan grundvöllur í sjálfbærni samfélaganna. Þar er jöfn staða kvenna og karla lykilþáttur, taka má undir greinargerð fjármálaáætlunar 2022, þar sem segir

Kynja- og jafnréttissjónarmið Stjórnvöld leggja áherslu á að jafna stöðu kvenna og karla innan sveitarfélaganna í landinu. Á vef Hagstofunnar kemur fram að talsvert færri konur en karlar búa í fámennustu sveitarfélögunum (undir 1.000 íbúar).

Norræna rannsóknastofnunin um byggðapróun (Nordregio) segir þrennt valda mestu um að konur kjósi fremur að búa í þéttbýli en strjálbýli, þ.e. takmarkaðra aðgengi að fjölbreyttum atvinnutækifærum, menntun og leiðum til áhrifa innan viðkomandi samfélags. Í sáttmála nýrrar ríkisstjórnar er stuðlað að fjölbreyttari atvinnutækifærum á landsbyggðinni með þeirri ákvörðun að auglýsa öll störf án staðsetningar nema eðli starfa beinlínis krefjist annars ásamt því setja ákveðið markmið um fjölda opinberra bls 231

Fjórðungsþing telur að auk þess að skapa áhugaverð störf, menntunarmöguleika og valdeflingu, þarf að taka tillit til mikilvægi öruggra samgangna innan sveitarfélaga og milli sveitarfélaga innan sama atvinnusvæðis. Slíkt er ríkur þáttur í að stuðla að auknu aðgengi kvenna að atvinnutækifærum og þjónustu eins afþreyingu og menningarstarfsemi. Varanlegar samgönguúrbætur með jarðgöngum eru lokamarkmið í þessum efnum en í millitíðinni er lykilþáttur að vera með öflugt og viðvarandi viðhald vegakerfisins og síðast en ekki síst ásættanlega vetrarþjónustu.



### Íbúapróun í Árneshreppi, Kaldrananeshreppi, Strandabyggð og Reykhólahreppi



## Byggðamál

Fjórðungsþing leggur áherslu á að stjórnvöld setji markmið byggðaáætlunar í öllum málefnum stjórnvalda.

Markmið byggðamála eru lögbundin en þau eru að:

- jafna aðgengi að þjónustu,
- jafna tækifæri til atvinnu
- stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.


Eins segir að sérstaklega skal hlúa að svæðum sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Beita verður áætlunum stjórnvalda á þann hátt að stefna þeirra vinni með markmiðum byggðaáætlunar, en ekki á móti þeim og lögð sé áhersla á þau svæði þar sem íbúaspár eru að gefa til kynna alvarlega þróun, ef óbreyttri stöðu er viðhaldið.

Fjórðungsþing lýsir miklum áhyggjum að útgjalda og rekstrarammi málefnis fjármálaáætlunar 2023-2027, *08 Sveitarfélög og byggðamál* er ætlað að lækka á áætlunartímabilinu, en að undanskildu framlögum til Sóknaráætlana landshluta og Covid 19 aðgerðar. Vakin er athygli á að samkvæmt fjármálaáætlun er stefnt að framlög til annarra verkefna undir Byggðaáætlun er ætlað að lækka og verða sambærileg og árið 2017. Að óbreyttu þá er því sem næst grafið undan starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga, en hækkun verðlags og launa kemur hér til viðbótar. Starf landshlutanna utan höfuðborgarsvæðis er þá í hættu varðandi nýsköpun í atvinnulífi og samfélögum samhliða minnkandi stuðningi við Sóknaráætlunir landshlutanna, Byggðaáætlun, stefnu í ferðamálum og stefnu í nýsköpunarmálum sem hluti af atvinnuþróunarstarfi. Eins möguleika stuðningskerfis landshlutanna í málaflokknum að vinna með frumkvöðlum og fyrirtækjum.

Fjármagn hefur verið aukið í aðra landsdekkandi verkefnasjóði eða eldra fjármagni gefið nýtt hlutverk innan verkefnasjóða. En til þess að búa til viðskiptavini þessara sjóða þarf að liggja fyrir grunnþjónusta sem leiðbeinir frumkvöðlum og eins eru verkefnasjóðir sóknaráætlana og í Brothættum byggðum oft fyrsta skref frumkvöðla að sækja um stuðning og fá þar leiðsögn í gegnum atvinnuráðgjöf.

**Tafla 1** Framlög til málaflokks 8.2 Byggðamál 2013–2022, ásamt áætlun 2023–2026.



Forsendur:

Allar tölur eru á verðlagi hvers árs.

Um er að ræða heildarfjárveitingar hvers árs, þ.e. að meðtöldum fjárukalögum o.fl.

Árið 2020 tekur mið af millifærslum, fjárukalögum og framlagi úr varasjóði að því marki sem búið er að afgreiða á árinu. Fjárukalög 5 eru ekki inni í tölunum.

Árin 2024–2026 miðast við 1% aðhald, en óvissa ríkir um það.

## Heimild Byggðaaætlun 2022-2036

Tillögur um samgöngumál

Jarðgangaáætlun Vestfjarða.

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, skorar á stjórnvöld að hraða vinnu að gerð nýrrar Jarðgangaáætlunar. Í þeirri vinnu verði settar í forgang tillögur sem koma fram stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum, Jarðgangaáætlun Vestfjarða, þar sem sett er markmiði að koma á hindrunarlausum samgöngum á innan atvinnusvæðanna á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum.


- Jarðgöng milli í Súðavíkur og Ísafjarðar (Álftafjarðargöng).
- Jarðgöng undir Mikladal og Hálfán í einni framkvæmd.
- Hafin vinna að uppfærslu jarðganga undir Breiðadalsheiði og Botnsheiði, með breikkun leggsins undir Breiðadalsheiði.

Vegatengingar á milli samfélaga á Vestfjörðum sem voru byggðar voru upp á níunda og tíunda áratug síðustu aldar tóku mið af stöðu atvinnulífs og fyrirkomulagi þjónustu á þeim tíma. Eins var það viðhorf til staðar, að láta reyna á vegi sem lægju um há fjöll eða hlíðar með stöðugri ofanflóðahættu. Þessar lausnir fortíðar eru ósættanlegar fyrir hina hröðu uppbygging samfélaga og atvinnulífs. Nú er starfsemi fyrirtækja og þjónusta á Vestfjörðum að vera líkt og á höfuðborgarsvæðinu þar sem er „samfélag er aldrei sefur“. Lokanir vega vegna veðurs og


núverandi skipulag vetrarþjónusta er því bein hindrun fyrir framþróun og skerða samkeppnisstöðu landshlutans og samkeppnisstöðu Íslands í lykilatvinnugreinum.

### Vetrarþjónusta

Ekki liggja fyrir endanleg gögn um lokanir vega á Vestfjörðum það sem af er ársins 2022, en ljóst er að þar keyrði um þverbak þau tilvik sem skráð hafa verið á Vestfjörðum til loka árs 2021. Hér er yfirlit um lokanir vega á Vestfjörðum síðustu þrjú ár, alls eru hér um **1.285 tilvik eða 430** tilvik á ári en ef horft er til fimm mánaða tímabils þá eru **86** tilvik í mánuði eða 3 á dag. Tilvikin eru fleiri því ekki voru skráð tilvik á Dynjandisheiði og Veidileysuhálsi fyrr en 2020 og voru þeir eiginlega lokaðir í þrjá til fjóra mánuði.



Hér er yfirlit um eðli atvika hverju sinni. Hér er vakin athygli á áhrif þessara tilvika á flæði umferðar inna atvinnusvæða og mynda flöskuhálsa innan sama sveitarfélags eða innan atvinnusvæða. Óveður og flughálka (gögn frá 2020 og 2021) einkenna tilvik á sunnanverðum Vestfjörðum. Lokanir og óvissustig vegna ofanflóðahættu á Súðavíkurhlíð og Flateyjarvegi einkenna norðanverða Vestfirði auk óveðurs á Gemlufallsheiði. Lokanir vegna óveðurs og stórhriðar á Steingrímsfjarðarheiði og Þröskuldum einkenna Strandir og Reykhólahrepp.



Lokanir eða stórhrið eru einkennandi fyrir Klettháls, Dynjandisheiði, Súðavíkurhlíð, Steingrímsfjarðarheiði og Þróskuldar en hér fer umferð til og frá Vestfjörðum.

Taka verður fram að vegþjónusta er einnig veitt einungis hluta sólarhringsins og tekur mið af áætlaðri umferð. Þar sem umferð er mest er þjónusta veitt í 14 tíma en 10 til 12 tíma annars staðar, þjónusta á fjallvegur og í strjábýli er frá 4 upp í 10 tíma.

Augljóst má vera að þessar aðstæður er gjörsamlega óboðlegar fyrir það atvinnulíf sem byggst hefur upp á síðustu árum og líkur eru til á komandi árum. Fiskeldi krefst t.d. sólarhringsvöktunar og flutningur afurða á Keflavíkurflugvöll er síðdegis og fram eftir nóttu.

Áhrif á samfélög eru mjög mikil og hindrar félags, tómsunda og menningarstarf til viðbótar þjónustu og atvinnusókn. Viðhorfsskannanir Vestfjarðastofu hafa leitt í ljós að eftir atvinnusvæðum þá eru 20 til 40% íbúa sem vegra sig við að ferðast um ótrygga vegi að vetrarlagi. Hlutfall kvenna hvað þetta varðar er mun hærra en karla og hér er því um að ræða mikið jafnréttismál að vetrarþjónusta sé aðlöguð að kröfum samfélaganna.

Sveitarfélög og atvinnulíf hafa ítrekað óskað eftir úrbótum, annarsvegar að beita sértækum aðgerðum varðandi opnunartíma fjallvega, sem ekki eru kostnaðarsamar og svo almenna aukningu á almennum þjónustutíma. Í svörum Vegagerðar um varðandi kröfur sveitarfélaga um úrbætur á vetrarþjónustu eru annarsvegar að þeir telja sig ekki kleift að beita sértækum aðgerðum. En að öðru leyti ræðst þjónustan af fjármagni sem ekki nægir til að halda úti lágmarksþjónustu og langt frá þeim kröfum sem samfélag og atvinnulíf s.s. ferðaþjónusta setur fram t.d. átakið Ísland allt árið. Síðan er það fíranlega fyrirkomulag að fari kostnaður umfram heimildir þá beri að greiða hann til baka með fjárveitingum næsta ári. Ekkert sveitarfélag viku sér undan þessu verkefni enda myndi þá samfélögin ekki virka.

Greiðar samgöngur eru lífæð atvinnulífs og samfélaga og skorað er á fjárlaganefnd að taka fyrirkomulag fjárveitinga til vetrarþjónustu til gagngerðar úttektar. Mat Vegagerðar er að þurfa

um 5 milljarða fyrir þjónustu sem veitt er nú í dag en fjárveiting er um 4,2 milljarðar. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að hækka fjárveitingar til vetrarþjónustu á árinu 2023 um 15 til 20%.

#### Viðhald vega

Fjármögnun á viðhaldi vega er líkt og með vetrarþjónustu að annarvegjar er ekki veitt nægjanlegt fjármagn til lágmarksviðhalds sem stefnir í að það verði um 80% af áætlun. Eftir erfiðan vetur stórsér á bundnu slitlagi og slitlag malarvega er víða horfið. Hinsvegjar er það fyrirbyggjandi viðhald til að koma í veg fyrir að burðarlag vega skemmist en þá þarf að taka veginn upp sem nýframkvæmd og mun dýrara en ella.

Með uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum hefur álag á vegi stóraukist og er nær sama hvar borið er niður nema þar sem nýframkvæmdir hafa verið á síðasta áratug, að slitlag og burðarlag er að verða ónýtt, dæmi er ástand á Mikladal og í Reykhólasveit en er mun víðar.

Í umsögn fjármálaráðs eru stjórnvöld gagnrýnd að safna upp viðhaldsskuld og innviða átak í fjárfestingum ríkissjóðs í Covid ná rétt meðaltali síðustu áratuga og viðhaldsskuld hafi hækkað. Viðhald vega og vegþjónusta eru líklega skýrustu dæmi um slíka viðhaldsskuld sem á einhverjum tímapunkti þarf að greiða. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga tekur undir gagnrýni fjármálaráðs og skorar á stjórnvöld stórauka fjármagn til viðhalds vega.

#### Hafnarmál

Enn er glímt við áratuga uppsafnað viðhald hafna á Vestfjörðum með 40 til 60 ára gömul stálþil og varnargarða sem þurfa reglulegt viðhald. Hér er um að ræða lífæðar samfélaganna og grundvöllur minni og stærri útgerðastaða s.s. í Bolungarvík. Ný verkefni hafa síðan komið til á síðustu árum í tengslum við fiskeldi og móttöku skemmtiferðaskipa. Öll verkefni eru brýn og er þeim að hluta sinnt í þingsályktuninni varðandi uppbyggingu á Bíldudalshafnar. Aðrar hafnir ná ekki að sækja fram ef dregið er að nýju úr fjármagn Hafnarbótasjóð en nýjar hugmyndir um uppbyggingu sláturhúsa fyrir laxfiska í Bolungarvík og Patreksfirði munu kalla á framkvæmdir. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að koma til móts tillögur sveitarfélaga um hækkun framlaga til viðhalds og nýframkvæmda.

#### Gagnaflutningar og fjarskipti

Við upphaf áætlunartímabilsins má sjá fyrir enda verkefna innan Ísland ljóstengt varðandi dreifbýli og er það gleðilegt. Mikilvægt er að hér verði áframhald á því verkefni er varðar háhraðanetstengingar í þéttbýli.

Ítrekaðar eru áhyggjur í umsögnum um fjárlög og fjármálaáætlanir síðustu ára, af stöðu svokallað NATO ljósleiðara, en rúm 30 ár eru frá því hann var lagður og hefja þarf endurnýjun hans. Nú þegar er komið í ljós að gæði þessa ljósleiðara uppfylla ekki gæðakröfur fjarskiptafyrirtækja í dag og hefur það m.a. hindrað tengingu lögbýla sem eiga rétt á tengingu með verkefninu Ísland ljóstengt. Ljósleiðarinn er einnig hluti af hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði og er hér undirleggjandi öryggisþáttur, sem talið var að komist hefði í veg, fyrir með lagningu nýs

ljósleiðara frá Stað í Hrutafirði til Súðavíkur. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga tekur undir gagnrýni fjármálaráðs og skorar á stjórnvöld stórauka fjármagn til viðhalds ljósleiðarkerfa.

Dekkun símakerfa á þjóðvegum á Vestfjörðum er ekki ásættanleg og skapar óöryggi fyrir vegfarendur sem aka þessa vegi daglega vegna vinnu, skóla eða þjónustu. Ekki síður fyrir þá vegfarendur sem fara sjaldan um þessa vegi eftir að hafa ekið um aðra hluta landsins þar sem dekkun er fullnægjandi. Þessi staða er komin upp í taudrætti fjarskiptafélaga og stjórnvalda um hver eigi að bera hér kostnað af, veghaldari eða fjarskiptafélag. En hvorugur aðilinn ber ábyrgð þegar slys verða. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að þessum málum verði kippt í liðinn án frekari fyrirvara.

Flug.

Gerð er krafa á stjórnvöld að horfa til innanlandsflugs sem lykilþáttar fyrir þróun samfélaga og atvinnulífs og ekki verði dregið úr framlögum vegna stöðu dagsins í dag. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga ítrekar kröfu vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði og til flugleiðsagnar. Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins og byggir á óskertri starfsemi Reykjavíkurflugvallar. Verkefnið Loftbrúin er mikilvægt verkefni sem ber að viðhalda.

Almenningssamgöngur

Í samgönguáætlun 2020-2035 var lögð fram stefna um almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðis „Ferðumst saman“. Fjórðungsþing lýsir áhyggjum af innleiðing þessara stefnu muni ekki ná fram að ganga, þar sem framlög til málaflokksins samkvæmt fjárlögum 2022 og fjármálaáætlun verða lækkuð á næstu árum. Virðist sem ríkið ætli að velta þessum málaflokki hægt og rólega yfir á sveitarfélögin, þvert á stefnumörkun sem Alþingi hefur samþykkt. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að framlög til almenningssamgangna verði aukin.

Tekið skal fram að hér er ekki átt við verkefni A-10 innan Byggðaáætlunar, þar er unnið að sértækum úrlausnarefnum með mjög takmörkuðu fjármagni.

Ferðapjónusta

Vestfirðir eru í fyrsta sæti um áhugaverð svæði að mati Lonely Planet fyrir árið 2022. Þarna skilar sér margra ára starf Markaðsstofu Vestfjarða nú Áfangastofu Vestfjarða. Vestfjarðaleiðin er síðan nýjung í íslenskri ferðapjónustu sem mun stuðla að dreifingu ferðamanna um landið og hefur vakið nú þegar talsverða athygli m.a. í „hjólréiðaheiminum“. Verkefnið byggir á uppbyggingu vegsamgangna á Vestfjörðum en til þess að geta verið opin allt árið þarf stórauka vetrarþjónustu og viðhald vega.

Áhersla er á að fjölga áfangastaða með aðkomu Flugþróunarsjóðs og alþjóðaflugvalla á Norður og Austurlandi. Er það vel fyrir áhrifasvæði þessara flugvalla sem ætla megi að nái frá Hrutafirði að Höfn í Hornafirði (líklega allt að Skaftafelli).

Vestfirðir standa þarna eftir og því miður er það svo að fjármagn til Áfangastofa er minna en var til reksturs starfsemi Markaðsstofu Vestfjarða. 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að aukið verði fjármagn Áfangastofu Vestfjarða þannig að fleiri áfangastaðir séu þróaðir á Íslandi.

#### Menning

Menningarstarfsemi hefur farið mjög halloka á Vestfjörðum í heimsfaraldri kórónuveiru líkt og í öðrum hlutum landsins. Menningarstofnanir á Vestfjörðum standa hins vegar frammi fyrir miklum vanda að vinna sig upp úr nær algjöru tap í innkomu vegna samkomubanns og útlit fyrir að framlög sveitarfélaga til menningarmála verði verulega skert vegna erfiðleika í rekstri sveitarfélaganna.

Sóknaráætlun Vestfjarða og þar á undan Menningarráð Vestfjarða hafa allt frá árinu 2011 á grundvelli umsókna, veitt stofn og rekstrarstyrki til starfsemi nokkurra menningarstofnana á Vestfjörðum, alls um 15-18 mkr á ári. Styrkir þessir voru áður veittir af Mennta og menningarmálaráðuneyti, en við breytingu á sjóðakerfi þá ákvað ráðuneytið að færa þennan lið til landshlutanna. Höfðu þá framlög verið skorin verulega niður í kjölfar fjármálakreppunnar 2008.

Sóknaráætlun Vestfjarða getur ekki komið á móts við þann vanda sem heimsfaraldur kórónuveiru hefur valdið menningarstofnunum, nema með auknum framlögum. Ekki kemur til álita að skerða aðra þætti sóknaráætlunar þ.e. veitingu styrkja á grundvelli umsókna, til menningarverkefna og verkefna til nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Hér að framan hefur farið yfir hlut Sóknaráætlunar Vestfjarða er varðar eflingu nýsköpunar og mótmæli við tillögu um skerðingu framlaga. Hluttur menningarverkefna og stofn og rekstrarstyrkja menningarstofnana hefur verið til jafns við nýsköpun í veitingu styrkja.

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga gerir þá skýru kröfu að að fjármagn verði aukið til Sóknaráætlunar Vestfjarða til að koma á móts við menningarstarf á Vestfjörðum..

#### Orkumál.

Vegna ófullburða flutningskerfis og lítillar orkuframleiðslu er afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum hið lakasta í landinu. Þessi staða hefur skert samkeppnishæfni landshlutans með því að skerða tækifæri uppbyggingar atvinnulífs, skerða búsetuskilyrði og leitt til lakari launaþróunar eða allt að 17% lægri launa í Ísafjarðarbæ en í samanburðar sveitarfélögum með óhindraðan aðgang að raforku<sup>1</sup>. Þjóðarbúið hefur misst af tekjum vegna seinkunar á uppbyggingu nýrra atvinnugreina og markmið um stjórnvalda í loftlagsmáls og orkuskiptum munu ekki komast til framkvæmda á Vestfjörðum.

Unnið hefur verið að úrbótum á undanförunum árum en ekki með skýrri afmarkaðri stefnu. En það hefur breyst með tillögum starfshóps umhverfis, orku og loftlagsráðherra um raforkumál á Vestfjörðum<sup>2</sup> hefur tekist að setja fram heildstæðar tillögur til úrbóta á þessu ástandi.



Í ályktun 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori frá apríl s.l. segir.

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori haldið á Ísafirði 6. apríl 2022 fagnar tillögum starfshóps umhverfis-, orku og loftslagsráðherra um raforkumál á Vestfjörðum sem kynntar voru á málþingi um orkumál í Edinborgarhúsinu fyrr í dag.

Sveitarfélög á Vestfjörðum vænta þess að stjórnvöld hrindi tillögum starfshópsins í framkvæmd samkvæmt þeim tímaáætlunum sem starfshópurinn leggur til. Jafnframt vill Fjórðungsþing hvetja til aukinnar framleiðslu raforku á Vestfjörðum til að tryggja orkuskipti og samkeppnishæfni svæðisins til búsetu og atvinnustarfsemi.

Í þingsályktun nr 26/2018 um flutningsmál raforku samþykkir Alþingi að setja Vestfirði í forgang varðandi úrbætur í málaflokknum. Í skýrslu starfshóps umhverfis, orku og loftslagsráðherra er sett fram tímasett áætlun til ársins 2027 um uppbyggingu flutningskerfis og samspil þess við nýjar virkjanir innan Vestfjarða í tillögum að Rammaáætlun 3 og 4. Eins eru tillögur um aukin stuðning við jarðhitaleit og dreifkerfis Orkubús Vestfjarða.

Til að fylgja eftir ályktun 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga verða að koma fram tillögur í fjáráætlun 2022 um aukið fjármagn til jarðhitaleitar á Skutulsfirði og Patreksfirði og í dreifikerfi Orkubús Vestfjarða vegna verkefna í Árneshreppi, Gufudalssveit og Vesturbyggð. Er það takt við umfjöllun á fjármálaáætlunar bls 299-303 en benda á að raforkuspá er alltof varfærin með vísan til grænbókarvinnu sem kom fram í skýrslu starfshóps umhverfis, orku og loftslagsmála, að virkja þurfi um 100 MW á ári næstu 20 ár.

Jöfnun á kostnaði við dreifingu á orku er mikilvægur og grípa til aðgerða sem jafna strax kostnað við dreifingu hjá Orkubúi Vestfjarða og Rarik. Undirstaða þessa dreifkerfis er síðan uppbygging flutningskerfis raforku 66 Kv eða hærra. Í tillögum starfshóps umhverfis, orku og loftslagsráðherra er sett fram tímasett áætlun til ársins 2027 í samráði við Landsnet. Tillagan gerir ráð fyrir fjárfestingu á milli 12 til 14 milljarðar og rúmast innan fjárfestingargetu Landsnets á þessu fimm ára tímabili.

Kerfisáætlun Landsnets er í eðli sínu utan beinna ákvarðana um framlög til málaflokka í fjármálaáætlun og fjárlögum. Markmið Fjármálaáætlunar 2023-2027 er að draga úr þenslu í hagkerfinu og opinber aðili líkt og Landnet tekur tillit til þeirra markmiða. Í þessu samhengi beinir Fjórðungsþing því til Alþingis að setja þau tilmæli í Fjármálaáætlun að verkefni á Vestfjörðum fái hér forgang. Skammtímaáhrif á framkvæmdatíma eru vissulega til staðar en hér verður að horfa til þeirra langtímaáhrif sem stórbætt flutningskerfi hefur fyrir þróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum og þjóðarbúsins í heild.



Gangi tillögur starfshópsins eftir þá má gera ráð fyrir að tiltæki rafmagns (afhendingaröryggi) á Vestfjörðum geti batnað allt að 90% frá því sem það er í dag og verði þá á pari við aðra landshluta. En í dag er tiltæki það lang versta á landinu.

Um fjármálaáætlun, byggðamál og málefni sveitarfélaga.

Lögð er áhersla á lækkun skulda frá og með árinu 2027, stuðla að efnahagslegum stöðugleika ríkissjóðs og eiga borð fyrir báru til að mæta áföllum (bls 214). Síðan segir í að stuðla beri að öflugum sveitarfélögum með efnahagslegri, samfélagslegri og umhverfislegri sjálfbærni þeirra.

Því hefur aldrei verið mikilvægara að þeim stjórnækjum sem stjórnsýsla ríkisfjármála hefur til umráða sé beitt með réttum hætti með það markmið að standa vörð um fjárhagslegan viðnámskraft hins opinbera og getu stjórnvalda til að milda áhrif óvæntra efnahagsáfalla á heimili og fyrirtæki. Bls 214

Fyrir stöðu sveitarfélaga og samfélög á Vestfjörðum og framtíðarhorfur fer ekki saman á áætlunartíma fjármálaáætlun að draga úr fjárveitingum til uppbyggingu innviða og stuðla samtímis að öflugum sveitarfélögum.

Landshlutinn er að rísa upp úr langvarandi efnahagsástandi og til þess ber að líta. Ef ekki þá helst staða innviða áfram skör lægra en annarra landshluta og áframhaldandi óvissa með framtíðarþróun. Staða og framtíðarhorfur atvinnulífs á Vestfjörðum er mjög lofandi og byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda svæðisins. Störfum hefur fjölgað á undanförunum árum og mun fjölga verulega og þar með fjölgun íbúa. Allt stuðlar þetta að styrkingu og eykur stöðugleika í efnahag þjóðarinnar og gerir betur í stakk búinn að mæta áföllum í framtíðinni.

Fjórðungsþing tekur undir umsögn Fjármálaráðs um fjármálaáætlun sem lýsir miklum áhyggjum af viðvarandi viðhaldsskuld á innviðum samfélagsins. Horfa verður á samanlagða skuldastöðu og viðhaldsskuld. Að horfa eingöngu til lækkun skulda en hækka viðhaldsskuld kemur út á eitt. Lækkun skulda lækkar vaxtarbyrði, en það svigrúm er ekki nýtt nema að hluta til að hækka fjármagn til viðhalds. Eins bendir Fjármálaráð á að fjárfesting sem hluti af landsframleiðslu nær ekki meðaltali síðustu áratuga og er það umhugsunarefni.

Gera verður kröfu um að fjármálaáætlun hafi hverju sinni mat á viðhaldsskuld gagnvart innviðum fyrir landið í heild og brotið upp eftir landshlutum. Skoða verður hið sama hjá sveitarfélögum.

Niðurlag

Samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum hefur með seiglu, náð að skapa ný atvinnutækifæri á grundvelli nýsköpunar; í fiskeldi, vinnslu aukaafurða úr sjávarútvegi, framleiðslutækni, þjónustu m.a. við ferðamenn og menntastarfsemi. Fjárfesting hefur verið mikil og laða þar að auðlindir og þekking á nýtingu auðlinda svæðisins. Hér eru fjárfestar að treysta á að það verði unnið í úrbótum á stöðu innviða og setja starfsemi af stað miðað við núverandi stöðu innviða. En á sama tíma mætti með hröðun framkvæmda má skapa tækifæri í að ná auknu hagræði hraðar og aukinni framlegð.

Vara verður hinsvegar við langlundargeði nýrra aðila, sem hafið hafa atvinnurekstur á Vestfjörðum, gagnvart stöðu innviða. Verði verkefnum enn og aftur frestað, þá má telja hættu á því að þeir breyti sínum áætlunum og minna verði úr fjárfestingum innan landshlutans en ætlað er í dag og tækifæri glattist við að snúa byggðþróun við samanber sviðsmyndir Krossgötur 2035.

Viðauki, Aflstöðin Vestfirðir

Ályktanir 66. Fjórðungspings Vestfirðinga, október 2021 [samthykktar-alyktanir-uppfaert-66.-fjordungstings-haust-.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Fjordungstings-haust-.pdf) (vestfirdir.is)

Ályktun 67. Fjórðungspings Vestfirðinga, apríl 2021 um orkumál

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/67thing/vor/thingskjal-8-alyktun-um-orkumal-.pdf>

Samfélagsáttmáli um fiskeldi <https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/fiskeldi-framtidarsyn/210715-samfelagssattmali-um-fiskeldi-med-undirskriftum.pdf>

KPMG greining á áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/210301-greining-a-ahrifum-fiskeldis-a-vestfjordum.pdf>

Krossgötur sviðsmyndagreining Vestfjarða árið 2035

[https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/nmi\\_a-krossgotum\\_loka.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/nmi_a-krossgotum_loka.pdf)